

# www.live.is

Viltu fá fróðleiksmola og nýjustu fréttirnar í tölvupósti?

Skráðu þig á póstlista LV á [www.live.is](http://www.live.is)

## Lífeyrisréttindi

Lífeyrisþegar

Séreignarsparnaður

Nýr sjóðfélagi

Sjóðfélagalán

Ímyndaátt / LV / Premium-Pixel

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

- » [www.live.is](http://www.live.is) – Upplýsingar um þjónustu og starfsemi sjóðsins.
- » **Sjóðfélagavefur** – Aðgengilegar upplýsingar um réttindi og stöðu lána. Hægt er að fá aðgangsorð sent í netbanka eða með pósti á lögheimili viðkomandi sjóðfélaga.
- » **Skrifstofa sjóðsins** – Starfsfólk þjónustuvers veitir sjóðfélögum upplýsingar um þjónustu sjóðsins.



Með aðild að Lífeyrissjóði verzlunarmanna ávinnur þú þér rétt til ævilangs lífeyris við starfslok, auk víðtækrar tryggingaverndar yfir starfsævina.

Almennur lífeyrisaldur er við 67 ára aldur. Heimilt er að flýta lífeyris-töku til 65 ára aldurs eða seinka til sjötugs.

Sjóðfélagar njóta réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður meira en 50%. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn hans rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall sjóðfélaga.

## Lífeyrissjóðurinn veitir víðtæka vernd og ævilangan lífeyri

### ÆVILANGUR LÍFEYRIR

Ævilangur lífeyrir tryggir okkur tekjur frá starfslokum til æviloka. Fjárhæð lífeyris ræðst einkum af því hve mikið og lengi hver sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins.

Almennt er lífeyrir frá lífeyrissjóðum lægri en sem nemur launum við starfslok. Því getur skipt máli að nýta sér séreignarsparnað, sem er einföld leið til að auka ráðstöfunartekjur og möguleika á sveigjanlegum starfslokum.

Öllum launþegum á aldrinum 16 til 70 ára ber að greiða í lífeyrissjóð.

Lífeyrisiðgjald er 12% af heildarlaunum launþega. Þar af greiðir sjóðfélagi 4% iðgjald af launum og launagreiðandi greiðir 8% mótframlag. Sjálfstæður atvinnurekandi greiðir bæði hluta launþega og launagreiðanda.

### ÖRORKULÍFEYRIR

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi sem leiðir til tekjuskerðingar á rétt á örorkulífeyri frá sjóðnum. Það er háð því skilyrði að orkutapið sé metið 50% eða meira af trúnaðarlækni sjóðsins.

Sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld í tiltekinn tíma til sjóðsins ávinnur sér rétt til framreiknings örorkulífeyris. Þá er ekki eingöngu tekið tillit til áunninna réttinda heldur einnig þeirra réttinda sem gera má ráð fyrir að sjóðfélaginn hefði áunnið sér hefði ekki komið til orkutaps. Skilyrði fyrir framreikningi er að finna í samþykktum sjóðsins.

Örorkulífeyrir er greiddur til 67 ára aldurs, eða þar til taka ævilangs lífeyris hefst.

### MAKALÍFEYRIR

Makalífeyrir veitir maka mikilvæga vernd falli sjóðfélagi frá. Makalífeyrir nemur 60% af áunnum og framreiknuðum lífeyrisréttindum sjóðfélaga við 67 ára aldur.

Makalífeyrir er greiddur að lágmarki í þrjú ár en hafi maki börn á framfæri sínu, sem einnig voru á framfæri sjóðfélaga, er makalífeyrir greiddur til 23 ára aldurs yngsta barns.

### BARNALÍFEYRIR

Barnalífeyrir er greiddur með börnum og kjörbörnum sjóðfélaga ef hann verður öryrki eða fellur frá.

Barnalífeyrir er greiddur til 20 ára aldurs barns og fylgja greiðslurnar vísitölu neysluverðs.